

Ed.

168. Nefndarálit

um frumvarp til laga um skoðun á sild (þskj. 43).

Nefndin, sem háttv. Ed. kaus til að athuga frumvarp þetta, hefir rætt það með sér all-ítarlega á mörgum fundum og komist að þeirri niðurstöðu í samráði við málflytjandann, að hann taki frumvarpið aftur. En í þess stað leggur nefndin til, að mat á sild verði frjálst fyrst um sinn, og veitt verði fé á fjárlögunum til tveggja yfirmatsmanna norðanlands — 1000 kr. handa hverjum — og að þeir menn hafi yfirumsjón og eftirlit með þeim matsmönnum, er skipaðir verða á öllum hinum stærri sildveiðastöðum.

Vill nefndin hér með leyfa sér að færa nokkrar ástæður fyrir þessari tilögu sinni.

Það hagar svo til með sildveiði hér á landi, að hún er nú mestinegnis rekin með hringnótum úti á rúmsjó, og er veiði þessi alla jafna mest í ágúst-mánuði. Á örstuttum tíma berst oft svo mikið að, að torvelt er að koma vör-
unni undan óskemdri. Oft kemur það því fyrir, að sildin skemmist eftir að hún kemur í land, ef mjög mikið berst að í einu, enda er þá oft mjög heitt í veðri, sildin mjög feit, en þá þolir hún minna en ella, að því ógleyndu, sem þó er skaðlegast fyrir þessa vörutegund, en það er átan (raudáta) sem oft er með henni og fyllir innýfi hennar. Sé sildin feit, og einkum þó ef áta er í henni, þolir hún afarilla geymslu. Það þarf að leggja hana mjög lauslega í tunnum — að hún næstum fljóti í leginum — og langa geymslu þolir hún ekki; það þarf að koma henni fljótt á markaðinn.

Til þess að nokkur trygging fengist fyrir því að varan að gæðum væri samkvæmt því, sem merkin hefðu að þýða, sem væntanlega yrðu sett á tunnurnar, þyrfti ekki að eins að aðgreina og meta vöru þessa um leið og hún væri söltuð ný, heldur einnig skömmu áður en færi á skipsfjöl til útlanda, ef hún ætti að biða nokkuð hér í landi. En þrátt fyrir slíkar skoðanir og matsgjörðir er þó engin víska fengin fyrir því, að varan reynist eins, þegar hún kemur á markaðinn eins og hún var, þegar hún var síðast metin.

Nefndinni dylst nú ekki að matið mundi mjög tefja fyrir verkuninni og þar með framleiðslunni, ef það væri skyldumat. Það gæti enda, að álitni nefndarinnar oft og tíðum orðið óframkvæmanlegt og þar með bakað útvegs mönnum fjárhagslegan hnekki.

Væri veiðunum þannig háttáð, að varan ekki þyrfti að biða tjón við bið, sem skyldumatið hefði í för með sér, gæti nefndin fallist á, að það yrði lögleitt, en þó að fenginni þeirri vissu, að árangurinn af slíku mati stæði ekki í óhagslegu hlutfalli við kostnaðinn, sem það hefir í för með sér. Hér vantar sem sé alla reynzlu, er gæfi bending í þessa átt.

Sé litið til annara þjóða þá má fullyrða að matið, sem er auðvitað alveg frjálst hjá þeim, hafi ekki farið í vöxt, og engan vegin reynzt svo í framkvæmdinni, að það hafi ábyggilega þýðingu fyrir sölu á þessari vöru.

Með því að mjög örðugt verður, ef ekki ómögulegt, eins og hér á stendur, að framkvæma mat á allri sild, sem áður hefir verið bent á, en sjálfsögð afleiðing matskyldu að hún tefur fyrir verkuninni og þar af leiðandi framleiðslu þessarar vöru, að engin víska er fyrir að m tíð hafi þá þýðingu að verðið hækki eða salan verði greiðari, hlýtur nefndin, að þessu athuguðu, að leggja á móti því, að matskylda á sild verði lögleidd fyr en einhver veruleg reynzla í þessu efni er fengin. Hins vegar telur nefndin sjálfsagt, til þess að sildarútvegs menn geti aflað sér nauðsynlegrar reynzlu í þessu efni, að gefa þeim kost á mats mönnum og yfirmats mönnum. Yfirmatsmennina ætlast nefndin til að skipaðir verði af landsstjórninni, en hinir almennu matsmenn af lögreglustjórum eftir tillögum yfirmatsmanns.

Að sjálfsögðu gefur stjórnin yfirmats mönnum þessum erindisbréf, sem þyrfti, að því er snertir alt verksvið þeirra að vera all-ítarlegt, og ætti að innihalda ákvæði um þau merki, er sett væri á tunnurnar eftir tegundum vörunnar. Sömu leiðis, ef útvegs menn óskuðu þess, mætti einnig leggja fyrir yfirmatsmennina eftirlit með útbúnaði þeirra skipa, er veiðina stunduðu og óskuðu mats á henni, enda þótt nefndin verði að álita talsvert vandaverk að semja reglur um slíka hluti, ef ekki varhugavert að gera nokkur föst ákvæði í þá átt.

Að síðustu skal það tekið fram, eftir ósk flutningsmanns, að hann lítur nokkuð öðru vísi á mál þetta en meðnefndarmenn hans. Hans álit er það, að skyldumat á sild, ætti að hafa allar hinar sömu afleiðingar og samskonar mat á saltfiski, sem nú er verið að lögleiða. Og hann telur alls eigi óframkvæmanlegt að meta alla sild er veiðist, játar að visu, að það yrði kostnaðarsamt og að það geti orðið til þess að draga nokkuð úr framleiðslunni, en telur skaðlaust þó hún minkaði. Flutningsmaður gerir þó ekki neitt ágreiningsáttkvæði; vill ekki með því stofna málinu í tvisýnu, og sættir sig því eftir atvikum við eftirfarandi tillögur, sem hann játar að séu spor í rétta átt.

Nefndin ræður því hinni háttv. deild til að samþykkja eftirfylgjandi þingsályktunartillögu:

Efri deild alþingis skorar á landsstjórnina, að hún að fenginni almennri ósk sildarútsvegsmanna við Eyjafjörð og Siglufjörð, skipi tvo yfirmatsmenn á þessum stöðum til þess, að meta gæði útfluttrar sildar fyrir þá er þess óska, og hafa umsjón og eftirlit með sildarmati matsmanna þeirra, er útnefndir kunna að verða fyrir Norðurland í þessu skyni, eftir tillögum yfirmatsmanna. Stjórnin gefur yfirmatsmönnum þessum erindisbréf, er ákveður starfssvið þeirra og inniheldur að öðru leyti allar þær ákvarðanir, er nauðsynlegar þykja viðkomandi sildarmatinu og merkjum þeim, er sett verða á umbúðir vörunnar.

Alþingi 11. marz 1909.

Sigurður Stefánsson
formaður.

Aug. Flygenring
framsögum. og skrifari.

Með fyrirvara Sigurður Hjörleifsson.